

Geðhjálp vill heildarstefnu

Stjórn Geðhjalpar segist ánægð með stofnun velferðarráðuneytis enda sé það langþráð baráttumál félagsins. Geðhjálp skorar hins vegar á stjórnvöld að bregðast hratt við ábendingum Ríkisendurskoðunar um heildarstefnu í málefnum fatlaðra.

„Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar er stefnumótun í málefnum fatlaðra, áætlanagerð, þjónusta og eftirlit að miklu leyti í ólestri," segir stjórn Geðhjalpar, sem kveður félagið lýsa sig reiðubúið til að taka þátt í starfi sem færi fötluðum aukið sjálfstæði og möguleika til virkrar þátttöku í samfélaginu. - gar